

L Ö G

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1976 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- b. Með allt að 140% viðauka leyfisbréfangjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatækjulögum nr. 104/1965.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 23. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967, lög nr. 10/1974 og lög nr. 85/1974.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna (sbr. 7. gr. laga nr. 10/1974) orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð söluskatt af innlendum viðskiptum og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda eins og nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 8% — átta af hundraði — skatts þess sem um ræðir í 1. mgr.

Auk skatts þess, sem um ræðir í 1. mgr., skal greiða í ríkissjóð söluskattsauka og gilda ákvæði II. og IV. kafla laga þessara um söluskattsaukann.